

GJALDSKRÁ

embættis veiðistjóra vegna hæfnisprófa og veiðinámskeiða fyrir veiðimenn.

1. gr.

Veiðistjóri heldur hæfnispróf fyrir veiðimenn og veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófa á fyrirfram auglýstum tíma. Embættinu er heimilt að taka gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða í samræmi við eftirfarandi:

	Gjald
Prófgjald fyrir hæfnispróf á auglýstum próftíma embættisins	4.000 kr.
Prófgjald fyrir hæfnispróf utan auglýstra próftíma embættisins, að óskum viðkomandi einstaklings (einkapróf)	5.000 kr.
Veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófi og hæfnispróf	6.000 kr.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum, ásamt áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 24. ágúst 2000.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun frítekjumarka (tekjumarka) skv. lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

1. gr.

Frítekjunörk (tekjunörk) skv. 2. mgr. 11. gr., 4. mgr. 12. gr. og 1. - 6. mgr. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. september 2000 að telja um 7% frá því sem þau voru í ágúst 2000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 65. gr., sbr. 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. ágúst 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.